



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA
NORÐURLAND VESTRA

STARFSÁÆTLUN SSNV 2019



Efnisyfirlit

I.	Inngangur	3
II.	Verkefni stjórnar	3
	a) Inngangur	3
	b) Stjórn	3
	c) Starfsmenn	3
	d) Ársskýrsla - ársreikningur – endurskoðun	3
	e) 27. ársþing	3
	f) 3. haustþing	4
	g) Fundir stjórnar	4
	h) Aðrir fundir þar sem þátttöku SSNV er vænst	4
III.	Verkefni SSNV	5
	a) Inngangur	5
	b) Almenningsamgöngur	5
	c) Markaðs- og kynningarátak	5
IV.	Verkefni Atvinnuþróunar	6
	a) Inngangur	6
	b) Verkefni Atvinnuþróunar	6
	d) Iðnaðaruppbygging á Hafurstöðum	7
	e) Samstarf við Farskóla Norðurlands vestra	7
	f) Ferðamál	7
V.	Verkefni sóknaráætlunar	8
	a) Inngangur	8
	b) Samráðsvettvangur	8
	c) Skil á skýrslu til stýrihóps Stjórnarráðsins	9
	d) Fundir með stýrihópi Stjórnarráðsins	9
VI.	Verkefni Uppbyggingarsjóðs	9
	a) Inngangur	9
	b) Úthlutunarnefnd	9
	c) Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar	9
	d) Fagráð menningar	9
	e) Áhersluverkefni	9
	f) Könnun meðal styrkþega/umsækjenda	10

I. Inngangur

Tilgangur starfsáætlunar þessarar er að fjalla á einum stað um flest meginverkefni SSNV ásamt því að dagsetja svo sem kostur er þá viðburði sem SSNV stendur fyrir eða starfsmenn samtakanna taka þátt í.

II. Verkefni stjórnar

a) Inngangur

Í samþykktum SSNV kemur fram að stjórn hafi yfirumsjón með rekstri, sé málsvari samtakanna ásamt framkvæmdastjóra milli ársþinga og engu meiriháttar máli má ráða til lykta án atbeina hennar. Stjórn fundar þegar þurfa þykir, að jafnaði einu sinni í mánuði. Formaður og framkvæmdastjóri undirbúa fundi. Framkvæmdastjóri sendir fundargögn til stjórnar og varastjórnar og kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum landshlutans auk stjórnenda sveitarfélaga. Fundargerðir eru sendar til allra ofangreindra, til annarra landshlutasamtaka og alþingismanna kjördæmisins.

b) Stjórn

Stjórn SSNV er skipuð á haustþingi 19. október 2018 til tveggja ára.

c) Starfsmenn

Eftirtaldir eru starfsmenn SSNV:

- Davíð Jóhannsson, ráðgjafi á sviði ferðamála
- Ingibergur Guðmundsson, ráðgjafi og verkefnisstjóri Sóknaráætlunar
- Katharina Ruppel, bókarari og persónuverndarfulltrúi
- Sólveig Olga Sigurðardóttir, atvinnuráðgjafi
- Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, atvinnuráðgjafi
- Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri

d) Ársskýrsla - ársreikningur – endurskoðun

Vinna við ársskýrslu hefst í desember 2018 og stefnt er á að henni ljúki eigi síðar en 10. mars 2019.

Endurskoðunarnefnd kemur saman í upphafi árs og leggur drög að skýrslu vegna vinnu endurskoðanda. Skýrslu endurskoðunarnefndar verður skilað fyrir febrúarlok.

Vinna við gerð ársreiknings hefst í árslok 2018 og á endurskoðaður ársreikningur 2018 að liggja fyrir þann 1. mars 2019.

e) 27. ársþing

Ársþing verður haldið föstudaginn 5. apríl í Skagafirði.

Stjórn skipar kjörnefnd fyrir 1. mars ár hvert. Fundarboð er sent út eigi síðar en fjórum vikum fyrir ársþing (8. mars) en fundargögn eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársþing (22. mars).

Sveitarstjórnir skulu tilkynna stjórn SSNV nöfn kjörinna þingfulltrúa, aðal- og varamanna fyrir 1. mars ár hvert. Kjörnefnd tilkynnir sveitarstjórnnum um framboðsfrest ef um kosningu til stjórnar eða varastjórnar er að ræða.

f) 3. haustþing

Haustþing verður haldið föstudaginn 18. október í Skagafirði. Á haustþinginu verða tekin fyrir ýmis sameiginleg málefni aðildarsveitarfélaganna.

Sveitarstjórnir skulu tilkynna stjórn SSNV nöfn kjörinna þingfulltrúa, aðal- og varamanna fyrir 1. september ár hvert. Fundarboð er sent út eigi síðar en fjórum vikum fyrir haustþing (20. september) en fundargögn tveimur vikum fyrir haustþing (4. október).

g) Fundir stjórnar

Stjórn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Fundir eru haldnir fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 9.30 og er fundadagatal svohljóðandi:

1. fundur, þriðjudaginn 8. janúar á Blönduósi
2. fundur, þriðjudaginn 5. febrúar á Skagaströnd
3. fundur, þriðjudaginn 5. mars á Sauðárkróki
4. fundur, föstudaginn 2. apríl á Hvammstanga
5. fundur, þriðjudaginn 7. maí á Blönduósi
6. fundur, þriðjudaginn 4. júní á Skagaströnd
7. fundur, þriðjudaginn 20. ágúst á Sauðárkróki
8. fundur, þriðjudaginn 3. september á Hvammstanga
9. fundur, þriðjudaginn 1. október á Blönduósi
10. fundur, þriðjudaginn 5. nóvember á Skagaströnd
11. fundur, þriðjudaginn 3. desember á Sauðárkróki

h) Aðrir fundir þar sem þátttöku SSNV er vænst

Sameiginlegir fundir landshlutasamtaka:

- Vorfundur er yfirleitt haldinn daginn fyrir landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga. Formaður og framkvæmdastjóri mæta á fundinn.
- Sumarfundur landshlutasamtakanna hefur verið tveggja daga fundur í júní. Formaður og framkvæmdastjóri mæta á fundinn.
- Haustfundur er almennt haldinn daginn fyrir fyrri dag fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Stjórn og framkvæmdastjóri mæta á fundinn.

Sameiginlegir fundir atvinnuþróunarfélaga:

- Vorfundur er haldinn af Byggðastofnun í tengslum við ársfund Byggðastofnunar. Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri og starfsmenn atvinnuþróunar mæti eins og við verður komið.
- Haustfundur. Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri og starfsmenn atvinnuþróunar mæti eins og við verður komið.

Aðrir fundir:

Gert ráð fyrir að formaður og/eða framkvæmdastjóri mæti á þessa fundi:

- Ársfundur Byggðastofnunar.
- Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Fjármálaráðstefna sveitarfélaga.
- Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Aðrir viðburðir:

- Fyrirhuguð er utanlandsferð sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra vorið 2019 til að kynna áhugaverðu starfi á sveitarstjórnarstiginu á erlendri grundu. Áfangastaður verður ákveðinn fyrir lok árs 2018. Gert er ráð fyrir að starfsmenn SSNV fari í ferðina.

Annað:

- 2018-2019 hefur SSNV með höndum formennsku sameiginlegs vettvangs landshlutasamtaka. Í því felst að framkvæmdastjóri situr í Stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál og sækir mánaðarlega fundi hópsins. Einnig er skipulag sameiginlegra funda landshlutasamtaka á höndum SSNV auk annarra tilfallandi funda og verkefna.

III. Verkefni SSNV

a) Inngangur

Verkefnum SSNV er skipt í þrjú meginhluta. Í fyrsta lagi verkefni Atvinnuþróunar, í öðru lagi verkefni Sóknaráætlunar og Uppbyggingarsjóðs og í þriðja lagi önnur verkefni SSNV. Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með öllum verkefnum SSNV en sér alfarið um þau verkefni sem falla undir skilgreininguna „önnur verkefni SSNV“.

Í þessum kafla verður fjallað um þau verkefni sem hafa verið skilgreind sem önnur verkefni SSNV, þ.e. þau verkefni sem samtökunum eru falin á hverjum tíma og falla ekki undir Atvinnuþróun eða Sóknaráætlun.

b) Almenningsamgöngur

SSNV hefur samþykkt að vera aðili að hlutafélagi sem hefur með höndum rekstur leiðar 57. Aðrir aðilar að hlutafélaginu eru Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Fjórðungssamband Vestfirðinga.

Samningur við Vegagerðina um almenningsamgöngur rennur út í árslok 2018 og hefur ekki verið óskað eftir endurnýjun hans af hálfu landshlutasamtakanna miðað við núverandi forsendur. Óljóst er hvert framhald verkefnisins verður, hvort það verður áfram rekið af landshlutasamtökunum eða því fundinn annar farvegur. Fjármagn sem fylgt hefur verkefninu hefur ekki verið nægilegt og hafa landshlutasamtök víða um land þurft að taka á sig tap vegna reksturs þess. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir auknu fjármagni í málaflokkinn en ljóst er að ekki er hægt að ganga frá nýjum samstarfssamningi fyrir lok árs. Ætla má að gerður verði samningur til styttri tíma á meðan vinna við gerð lengri samnings stendur yfir.

c) Markaðs- og kynningarátak

Í fjárhagsáætlun ársins 2018 var gert ráð fyrir 15 milljónum króna í markaðs og kynningarátak. Gerður var samningur við N4 um innslög í þættina *Að norðan* með áhugaverðu efni af svæðinu. Einnig hefur verið samið við aðila um gerð kynningarmyndbanda af svæðinu sem eru í vinnslu. Jafnframt er í vinnslu kennimerki (logo) fyrir landshlutann sem fyrirtæki af starfssvæðinu geta notað til auðkenningar á sínu kynningarefni.

Gert er ráð fyrir að verkefninu verði fram haldið á árinu 2019.

IV. Verkefni Atvinnuþróunar

a) Inngangur

SSNV tók yfir verkefni atvinnuráðgjafa á árinu 2005 með samkomulagi sveitarfélaganna og atvinnuþróunarfélaga í landshlutanum. Sveitarfélögin hafa lagt 20 milljónir árlega til verkefnisins og Byggðastofnun leggur til um 23 milljónir. Í samningi SSNV og Byggðastofnunar, dags. 23. janúar 2018, kemur fram að SSNV skal vinna að eftirtöldum verkefnum:

- Atvinnu- og byggðaðróun
- Atvinnuráðgjöf
- Nýsköpun
- Búsetuþáttum
- Upplýsingaöflun
- Endurmenntun og samstarfi

Skila skal starfsáætlun komandi árs fyrir 15. desember ár hvert. Fyrir lok maímánaðar ár hvert skal skila skýrslu um starfsemi atvinnuþróunar og greina frá frávikum frá starfsáætlun ef einhver voru. Einnig skal koma fram mat á árangri samanber sett markmið í starfsáætlun næstliðins ár.

Framkvæmdastjóri stýrir starfsemi Atvinnuþróunar en starfsmenn verkefnisins eru:

- Davíð Jóhannsson
- Sólveig Olga Sigurðardóttir
- Sveinbjörg Rut Pétursdóttir

b) Verkefni Atvinnuþróunar

Mestum hluta þeirra fjármuna, sem þessi málaflokkur hefur til ráðstöfunar, er varið til ráðgjafar- og nýsköpunarverkefna.

SSNV mun taka þátt í könnun á umhverfi og þörfum fyrirtækja á landsbyggðinni sem unnin verður af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi undir forystu Vífils Karlssonar. Könnunin verður unnin á haustmánuðum 2018. Ætla má að niðurstöður liggi fyrir um mitt ár 2019 og verður þá hægt að kortleggja hvað gera þarf til að mæta þörfum fyrirtækja á starfssvæðinu sem best.

Varðandi endurmenntun hafa verið í gangi verkefni í samvinnu við Farskólann varðandi ýmsa þætti menntunar frumkvöðla og fyrir stjórnendur minni fyrirtækja. Stefnt er að því að svo verði áfram. Einnig er stefnt að aukinni fræðslu til styrkþega með námskeiðum og aukinni ráðgjöf.

c) NPA-verkefni.

SSNV er aðili að alþjóðlegu samstarfsverkefni sem styrkt er af Norðurslóðaáætlun. Norðurslóðaáætlun stuðlar að samstarfsverkefnum sem miða að því að finna lausnir að sameiginlegum viðfangsefnum samstarfslandanna. Þátttakendur í verkefninu auk Íslands eru frá Norður-Írlandi, Írlandi, Finnlandi og Bretlandi. Verkefnið hófst 2018 og er áætlað að standi yfir í tæplega þrjú ár. Verkefninu er ætlað að taka á áskorunum sem fyrirtæki á jaðarsvæðum glíma jafnan við, svo sem einangrun, smæð markaðar, samskiptaörðugleikum og skorti á efnahagslegri fjölbreytni. Lagt er upp með að nýta upplýsingatækni til að yfirstíga þröskulda er varða

einangrun, fjarlægð frá markaði og samskipti við markhópa. Haldnar verða vinnustofur til að vekja athygli á nýjum mörkuðum og tækni sem tengist auknum veruleika og sýndarveruleika kynnt fyrir þátttakendum. Fimmtíu fyrirtækjum, héraendis og erlendis, gefst tækifæri á að nýta sér markaðssetningu með þessari tækni. Möguleikar á framsetningu markaðsefnis væri t.d. í gegnum heimasíðu viðkomandi fyrirtækis.

d) Iðnaðaruppbygging á Hafurstöðum

Í desember 2016 var undirritaður Samningur milli SSNV og ANR um möguleika á iðnaðaruppbyggingu á Hafurstöðum. Fjárveiting til verkefnisins á fjárlögum 2016 var 30 millj. Gert var ráð fyrir að verkefnið yrði í tveimur áföngum, þ.e. verkfræðileg úttekt á svæðinu, á árinu 2017 (15 millj) og að á árinu 2018 yrði gerð viðskiptaleg úttekt á því hvaða möguleika svæðið hefur í samkeppni við önnur svæði (15 millj.). Lokaskýrsla úttektar á svæðinu liggur fyrir en ekki hefur fengist staðfest í ráðuneytinu hvert framhald verkefnisins verður. Vegna óvissu um fjármögnun verkefnisins hafa tekjur og gjöld ekki verið færðar í fjárhagsáætlun.

e) Samstarf við Farskóla Norðurlands vestra

SSNV hefur í gegnum tíðina átt gott samstarf við Farskólann um ýmis námskeið t.d. tengd markaðsmálum, Beint frá býli. ofl. Áframhald verður samstarfi vegna námskeiðsins Beint frá býli sem hefur mælst sérstaklega vel fyrir. Einnig stendur yfir samstarfsverkefni Farskólans og SSNV um námskeiðaröð fyrir bændur og aðra áhugasama um fullvinnslu afurða. Það verkefni hófst haustið 2018 og verður fram haldið á árinu 2019. Miklir möguleikar geta falist í samstarfi við Farskólann. Ætla má að í fyrrnefndri fyrirtækjakönnun komi þarfir atvinnulífsins með tilliti til fræðslu betur í ljós ekki síst lítilla fyrirtækja og frumkvöðla.

f) Ferðamál

Ráðgjafi á sviði ferðamála hefur starfað með ferðaþjónustu fyrirtækjum á starfssvæðinu og með samráðsvettvangi Fagráðs ferðaþjónustunnar á Norðurlandi vestra. Í fagraðinu eiga sæti formenn ferðamálafélaganna á Norðurlandi vestra og einn fulltrúi SSNV. Ráðgjafi á sviði ferðamála stýrir verkefnum fagráðsins.

Fundir Fagráðs ferðaþjónustunnar verða:

6. febrúar	Sauðárkrókur
3. apríl	Hvammstangi
5. júní	Blönduós
4. september	Hvammstangi
5. nóvember	Sauðárkrókur
4. desember	Blönduós*

*(samráðsfundur með fulltrúum sveitarfélaga)

Fundir hefjast að jafnaði kl. 13:30.

Í þeim mánuðum, sem ekki er fundað, er boðað til símafundar, ef tilefni er til.

Viðburðir sem stefnt er á að halda:

Maí - „Ferðamáladagur að vori“ - Fundur með kynningum þjónustuaðila af öllum svæðum og e.t.v. einni fagkynningu um mikilvægt málefni. Verður e.t.v. skipt í 2-3 viðburði eftir svæðum.

13/14. nóvember - „Ferðamáladagur að hausti“ – Kynningarerindi og umræður um mál, sem eru ofarlega á baugi í greininni s.s. nýir markaðir og breytingar í rekstrarumhverfi.

Vinna tengd þeim fjölmörgu áhersluverkefnum sóknaráætlunar 2018-2109, sem tengjast ferðapjónustu, verður áberandi á starfsárinu. Þá verður mikilvægt að fylgjast vel með þeim breytingum sem eru að verða í greininni á landsvísu, t.d. samsetningu ferðafólks til landsins og hvað þær geta þýtt fyrir svæðið.

V. Verkefni sóknaráætlunar

a) Inngangur

Sóknaráætlun Norðurlands vestra gildir fyrir árin 2015-2019. Markmið Sóknaráætlunar eru:

a) að ráðstafa þeim fjármunum sem varið er til verkefna á sviði atvinnu-, byggða- og menningarmála er byggja á sóknaráætlun landshlutans,

b) að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stöðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls.

Í fjárhagsáætlun SSVN fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir 89,1 millj. kr. tekjum vegna samningsins, 81,7 millj. frá ríkinu og 7,4 millj. kr. frá sveitarfélögunum.

Útgjöldum verður skipt þannig að 60 milljónum verður varið til að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni, 22,1 milljón verður varið í áhersluverkefni og 7 milljónum í rekstur Sóknaráætlunar.

Verkefnum Sóknaráætlunar er skipt í þrennt:

a) gerð Sóknaráætlunar landshlutans, sem lokið var við árið 2015,

b) úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði,

c) val á sérstökum áhersluverkefnum og framkvæmd þeirra.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á verkefnum Sóknaráætlunar en verkefnisstjóri Sóknaráætlunar er Ingibergur Guðmundsson.

b) Samráðsvettvangur

Samkvæmt samningi um sóknaráætlun skipa landshlutasamtökin samráðsvettvang með sem breiðustu aðkomu sveitarstjórna, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa. Gæta skal lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiða.

Samráðsvettvangurinn skal funda a.m.k. árlega og ræða framgang Sóknaráætlunarinnar.

Samráðsvettvang Norðurlands vestra skipa 32 fulltrúar og eru þeir skipaðir af SSVN eftir tilnefningar frá sveitarfélögunum sjö.

Gert er ráð fyrir a.m.k. einum fundi í Samráðsvettvangnum á árinu 2019.

c) Skil á skýrslu til stýrihóps Stjórnarráðsins

Samkvæmt samningi skal SSNV skila árlega greinargerð um framkvæmd samningsins til stýrihóps Stjórnarráðsins. Á árinu 2019 skal því skila greinargerð fyrir árið 2018 og skal það vera fyrir 1. febrúar 2019.

d) Fundir með stýrihópi Stjórnarráðsins

Fundir með stýrihópi Stjórnarráðsins um framgang sóknaráætlunarinnar hafa verið a.m.k. tveir á ári og er einnig gert ráð fyrir því á árinu 2019. Þessir fundir hafa ekki verið tímasettir. Framkvæmdastjóri og verkefnisstjóri sóknaráætlunar sitja fundina.

VI. Verkefni Uppbyggingarsjóðs

a) Inngangur

Hlutverk Uppbyggingarsjóðs er að úthluta fjármunum í annarsvegar menningarmál og hinsvegar atvinnuþróun- og nýsköpun.

Menningarhlutinn skiptist í stofn- og rekstrarstyrki annarsvegar og verkefnastyrki hinsvegar. Í fjárhagsáætlun SSNV 2019 er gert ráð fyrir að úthluta 30 milljónum í menningarhluta Uppbyggingarsjóðs og að 30 milljónum verði varið til atvinnuþróunar og nýsköpunar. Umsóknarferlið mun hefjast 23. október 2018 með umsóknarfresti til 22. nóvember. Gert er ráð fyrir að tilkynna styrkþegum um úthlutun styrkja 15. janúar 2019. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á verkefnum Uppbyggingarsjóðs en starfsmenn hans eru:

- Ingibergur Guðmundsson verkefnisstjóri.
- Sólveig Olga Sigurðardóttir (að hluta).

b) Úthlutunarnefnd

Úthlutunarnefnd ber ábyrgð á úthlutunum úr sjóðnum og leggur fram niðurstöður sínar að fengnum tillögum fagráðs menningar og fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Úthlutunarnefnd verður skipuð til tveggja ára á 2. haustþingi SSNV, 19. október 2018.

c) Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar

Fagráðið verður skipað til tveggja ára á 2. haustþingi SSNV, 19. október 2018.

d) Fagráð menningar

Fagráðið verður skipað til tveggja ára á 2. haustþingi SSNV, 19. október 2018.

e) Áhersluverkefni

Áhersluverkefni eru sérstök verkefni sem fjármögnuð eru af Sóknaráætlun. Verkefni ársins 2018-2019 eru:

Ferðamál

- Okkar áfangastaður
- Kynningarátak gagnvart erlendum ferðaheildsölum
- Styrking gæða og þjónustuinnviða
- Framleiðsla myndefnis
- Matarauður Norðurlands vestra

Iðnaður, innviðir, orkumál

- Matvælabraut FNV
- Uppbygging smávirkjana
- Innviðagreiningar og birting þeirra
- Stafræn borg

Umhverfismál

- Framtíðarskipan úrgangsmála
- Kolefnisspor Norðurlands vestra

Einnig verður lokið við þau áhersluverkefni fyrri ára sem enn eru í vinnslu.

Nánari upplýsingar um áhersluverkefni má finna á heimasíðu SSVN undir [Sóknaráætlun/Áhersluverkefni](#).

f) Könnun meðal styrkþega/umsækjenda

Umsóknarfrestur um styrki úr Uppbyggingarsjóði fyrir árið 2019 rennur út 22. nóvember 2018. Þegar umsóknarfresturinn er liðinn verður gerð könnun meðal umsækjenda um umsóknarferlið; hvað gengur vel og hvað má bæta? Sambærileg könnun meðal styrkþega verður gerð í maí 2019 til að fá vísbendingar um eftirfylgni og þjónustu starfsmanna við styrkþega.